

23

22. febr.

7. gr.  
Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík stjórnar sjóðnum og úthlutar styrkjum úr honum.

8. gr.  
Fé því, sem sjóðstjórnin ákveður að úthluta árlega, samkvæmt 4. gr., skal úthluta 1. des. ár hvert.

9. gr.  
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

10. gr.  
Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir og skrá í hana ákvarðanir sínar um úthlutun úr sjóðnum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

11. gr.  
Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta nema til samrímingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

12. gr.  
Leita skal ríkisstjórastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

24

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1943.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	22000.00	
b. Ríkisskuldabréf .....	—	3000.00	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands .....	—	10040.11	
			kr. 35040.11
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	1078.00	
b. — ríkisskuldabréfum .....	—	165.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	244.25	
			— 1487.25
			Kr. 36527.36

### Gjöld:

1. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	22000.00	
b. Ríkisskuldabréf .....	—	3000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	11527.36	
			kr. 36527.36
			Kr. 36527.36

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1944.

Sigurgeir Sigurðsson.